



Ársskýrsla 2019

The screenshot shows the homepage of the ADHD samtökin website. The browser address bar displays 'adhd.is/is'. The navigation menu includes 'Um okkur', 'Greiningar og meðferð', 'Námskeið og fundir', 'Fræðsla', 'Réttindi', 'Styrkja', and 'Vefverslun'. A phone number '581 1110' and flags for the UK and Iceland are also visible. The main content area features a large image of a child in a field holding a toy airplane, with a green sidebar containing the text: 'ADHD samtökin', 'Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.', and a button 'GERAST FÉLAGSMADUR ADHD'. At the bottom, the text 'VÖRUR' and 'Verslaðu í vefversluninni' is displayed. The URL 'https://www.adhd.is/is/um-okkur' is visible in the footer.

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.

ADHD samtökin veita fræðslu- og upplýsingaþjónustu, bjóða upp á spjallfundi, fræðslufundi, námskeið og ýmiskonar stuðning. Að auki gefa samtökin úr fræðslubæklinga, bækur, fréttabréf og annað efni, halda úti virkri heimasíðu og fésbókarsíðum ásamt því að gæta hagsmuna einstaklinga með ADHD og aðstandenda þeirra.

Ársskýrsla ADHD samtakanna fyrir árið 2019


Starfsemi ADHD samtakanna var í miklum blóma á árinu og fjölgar félagsmönnum jafnt og þétt. Í árslok voru félagsmenn 2.768 og hefur aukningin numið um 17%.

ADHD samtökin voru stofnuð 7. apríl 1988 og hétu upprunalega Foreldrafélag misþroska barna. Í upphafi voru 90 félagar í samtökunum en með árunum hefur félagatalið margfaldast. Ein skráning gildir fyrir hverja fjölskyldu en á bak við þá tölu reynast yfirleitt fleiri en einn fjölskyldumeðlimur þar sem ekki er óalgengt að foreldri og jafnvel fleiri en eitt barn reynist vera með röskunina.

Starfsemi samtakanna flokkast undir 1. þjónustustig skv. skilgreiningum í skýrslu félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Á þeim grunni var gerður þjónustusamningur við Félags- og barnamálaráðuneyti og Heilbrigisráðuneyti um starfsemi ADHD samtakanna. Mikilvægt er fyrir samtökin að framhald verði þar á til að tryggja megi rekstur samtakanna.

Skrifstofa ADHD samtakanna er opin alla virka daga ársins frá kl. 13-16. Samtökin veita foreldrum, fullorðnum og fagfólki ráðgjöf í síma, með tölvupósti og sinna þeim sem á skrifstofuna leita. Gott samstarf er milli félagasamtakanna í húsinu að Háaleitisbraut 13 og er það sífellt að aukast. ADHD samtökin eru einnig eitt af stofnfélögum Sjórnarhóls ráðgjafamiðstöðvar.

Ársskýrsla ADHD samtakanna miðast við almanaksárið í samræmi við ársreikninginn og á að gefa gott yfirlit yfir starfsemi félagsins og helstu verkefni.



FRÆDSLUEFNI – ÚTGÁFA:

ADHD samtökin hafa verið öflug í útgáfu bóka og fræðslubæklinga. Bæklingar eru reglulega endurprentaðir og standa félagsmönnum og fagaðilum til boða endurgjaldslaust. Þeir bæklingar sem samtökin hafa gefið út eru:

- Hvað er ADHD? (almennur fræðslubæklingur um ADHD) (2011)
- What is ADHD? (sami bæklingur á ensku) (2016)
- Co to Jest? (sami bæklingur á pólsku) (2016)
- Börn og ADHD (2011)
- Stúlkur og ADHD (2011)
- Fullorðnir og ADHD (2011)
- Ha, ertu að tala við mig? (sjálfhjálparbæklingur fyrir eldri börn og unglunga og ADHD) (2012)
- ADHD utan skólastofunnar (ætlaður starfsfólki grunnskóla) (2013)
- Unglingar og ADHD (2014)
- Nánin sambönd og ADHD (2016)
- Afbrot og ADHD (2016)
- Systkini og ADHD (2018)
- Children and ADHD (2019)
- Dzieci I ADHD (2019)
- Atvinna og ADHD (2019)

Útgáfa bóka

- Hámarksárangur í námi með ADHD + verkefnabók (2008 í samvinnu við Sigrúnu Harðardóttur og Tinnu Halldórsdóttur).
- ADHD og farsæl skólaganga (2013 í samvinnu við Námsgagnastofnun. Endurútgefið 2015)
- Leynardómar heilans – láttu verkin tala (2014)
- Leikskólar og ADHD (2015)
- Ferðalag í flughálku-unglingar og ADHD (2017)

Þess má geta að Sólveig Ásgrímsdóttir sálfræðingur hlaut Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands á haustmánuðum fyrir bókina Ferðalag í flughálku-unglingar og ADHD.

FJÁRAFLANIR

Alþjóðlegur vitundarmánuður er haldinn í októbert ár hvert og að venju voru seld endurskinsmerki með teikningum eftir Hugleik Dagsson. Með hverju endurskinsmerki fylgdi örbæklingur sem inniheldur helstu upplýsingar um ADHD.

Til að marka upphafi ADHD vitundarmánaðar afhenti Elín H. Hinriksdóttir formaður samtakanna Heilbrigðisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur fyrsta endurskinsmerki ársins 2019.

Merkin voru seld meðal annars á vef samtakana en sölumenn víða um land lögðu samtökunum lið, auk þess sem Bónus, Eymundsson, N1 og Íslandspóstur buðu merkin til sölu.



Vörusala á vef ADHD hefur stóraukist en þar eru, sem fyrr, boðnar til sölu bækur, endurskinsmerki, jólakort, „útrásarteygjur“, „Tingle Tangle“ slökunarflækjur og „fiktteningar“. ADHD samtökin reyna af fremsta megni að þjónusta félagsmenn með sölu á vörum sem reynst hafa gagnlegar einstaklingum með ADHD. Allur ágóði rennur til reksturs skrifstofu sem og fræðslumála.

STYRKIR

ADHD samtökin fengu umtalsverða styrki á yfirstandandi ári til eflingar á fræðslustarfi og námskeiðshaldi. Styrkir bárust m.a. frá Heilbrigðisráðuneytinu, Félags- og barnamálaráðuneytinu, Forsætisráðuneytinu, Sorpu, VR, Eflingu, BHM, ASÍ, Starfsgreinasambandinu, Reykjavíkurborg og Velferðasjóði barna. Auk þess nutu samtökin einstakrar velvildar þúsunda einstaklinga og fyrirtækja í formi smærri styrkja, en án þessara styrkja væri starfsemi samtakanna ekki svipur hjá sjón.

YFIRLIT YFIR STARFSEMI ADHD SAMTAKANNA ÁRIÐ 2019

ADHD samtökin buðu að venju upp á ýmis námskeið, fræðslu og spjallfundi.

ÉG get -NÁMSKEIÐ

Samtökin hafa um nokkra ára skeið boðið upp á sjálfsstyrkingarnámskeið sem ætluð eru unglíngum með ADHD. Aldur þátttakanda miðast við efri bekk grunnskóla þ.e. nemendur á aldrinum 13-16 ára. Námskeiðin eru kynjaskipt og miðast hvert námskeið við 8-10 þátttakendur. Námskeiðin hafa verið haldin að vori og hausti.

TAKTU STJÓRNINA

Fræðslunámskeið og ráðgjöf fyrir fullorðna „Taktu stjórnina“ var haldið í janúar og september. Námskeiðið er 10 klukkustundir sem skiptast niður á fimm virka daga, tvær klukkustundir í senn. Námskeiðið hefur fengið mikil og góð viðbrögð og má nefna að Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum hefur námskeiðið sem fastan lið í sínu námi ásamt því að skjólstæðingar Virk starfsendurhæfingarsjóðs sækja í auknum mæli á námskeiðin. Sérfræðingar á vegum ADHD samtakanna halda utan um kennslu og framkvæmd námskeiðsins.

FORELDRANÁMSKEIÐ

Boðið er reglulega upp á fræðslunámskeið fyrir foreldra barna með ADHD, annars vegar fyrir foreldra 6-12 ára barna og hins vegar foreldra 13-18 ára barna. Námskeiðið spannar tvo laugardaga og fyrirlesarar eru sérfræðingar á ýmsum sviðum er snerta ADHD. Miðað er við að námskeiðin séu haldin tvisvar á ári en auk þeirra var haldið sambærilegt námskeið á Húsavík á yfirstandandi ári.

SPJALLFUNDIR

Haldnir voru allnokkrir spjallfundir á árinu en þeir eru að jafnaði einu sinni í mánuði. Annarsvegar eru þeir ætlaðir foreldrum barna með ADHD og hinsvegar fullorðnum einstaklingum með ADHD. Boðið er upp á tiltekið umfjöllunarefni hverju sinni og en meðal umfjöllunarefna voru: ADHD og lyf – ADHD og systkini – Einelti- Jákvæðar hliðar ADHD – ADHD og svefnvandi - Betra líf með ADHD – ADHD og heimanám – Náin sambönd- ADHD og kvíði og ADHD og sumarfrí. Umsjónarmenn spjallfundanna eru ávallt fagmenn, flestir úr stjórn samtakanna.

FRÆÐSLA

Leitað er í auknum mæli til ADHD samtakanna með beiðni um sérhæfða fræðslu um málefni ADHD. Bæði berast beiðnir frá fyrirtækjum, stofnunum og skólum. Samtökin taka ávallt vel í slíkar beiðnir og leitast við að sinna þeim öllum.

Einnig er nokkuð um að nemandur á ýmsum skólastigum leiti til samtakanna eftir fræðslu. Samtökin verða ávallt við þeim beiðnum og liðsinna þeim sem til þeirra leita.

FACEBOOK

Þeim sem fylgja samtökunum á facebook fór ört fjölgandi og eru nú ríflega 8.500 en þeim fjölgaði um tæp 30% á árinu.

NÝ HEIMASÍÐA

Ný heimasíða var afhjúpuð í Vitundarmánuði og fór mikil vinna í að gera hana sem best úr garði. Þar er að finna helstu upplýsingar um viðburði samtakanna, námskeiðahald, greiningar og meðferð sem og réttindi einstaklinga með ADHD. Við sama tækifæri var forseta borgarstjórnar og ýmsum fulltrúum fólks af erlendu bergi brotið, afhent fyrstu eintökin af enskri og pólskri þýðingu á fræðslubæklingi samtakanna um Börn og ADHD.



ADHD Í BEINNI

Sú nýjung var tekin upp á árinu að byrjað var að streyma endurgjaldslaust fundum og útvöldum námskeiðum samtakanna sem lið í því að auka þjónustu við félagsmenn. Það hefur sýnt sig að þessi nýbreytni hefur fallið í góðan jarðveg, ekki síst á landsbyggðinni og sífellt fleiri nýta sér þessa þjónustu.

FRÆÐSLUFUNDUR

ADHD samtökin í samstarfi við Íslenska Erfðagreiningu héldu tvo fræðslufundi á árinu; í aprílmánuði undir yfirskriftinni *ADHD - er mataræði málið* og í nóvember undir yfirskriftinni *ADHD þjóðin*. Síðari fundurinn sló öll aðsóknarmet en meira en 300 manns sóttu fundinn en auk þess var hann sýndur í streymi sem fjöldi fólks nýtti sér.

REYKJAVÍKURMARABON

Áttatíu velunnar samtakanna tóku þátt í Reykjavíkumaráðon á sl. ári og söfnuðust ríflega 800 þúsund vegna þeirra. Allir sem hlupu fyrir samtökin fengu eigulegan hlaupaból að launum og fór allur ágóði af söfnunni í gerð fræðsluefnis.



MÁLÞING

Málþing ADHD samtakanna „Þú vinnur með ADHD“ var haldið 1. nóvember og að þessu sinni var áherslan lögð á atvinnulífið. Markmiðið var að varpa ljósi á stöðu einstaklinga með ADHD á vinnumarkaði. Fjölmargir fyrirlesarar tóku þátt bæði innlendir og erlendir. Lögð var áhersla á að fjalla um ADHD bæði frá sjónarhorni fræðanna ásamt því að bæði einstaklingur með ADHD sem og atvinnurekandi deildu reynslusögum. Málþingið var vel sótt en u.þ.b 100 manns tóku þátt í viðburðinum. Á málþinginu var Félags- og barnamálaráðherra og fulltrúum ýmissa stéttarfélaganna afhent fyrsta eintakið af nýjum fræðslubæklingi samtakanna, Atvinna og ADHD.



FJÖLMÍÐLAUMFJÖLLUN

Samtökin standa fyrir og hafa áhrif á að skrifað sé um efni er snerta málaflokkinn í fjölmiðum. Mikið var um greinaskrif bæði frá formanni, varaformanni og öðrum stjórnarmönnum samtakanna. Greinarnar tóku á ýmsu efni sem tengist ADHD s.s. þjónustu við börn með ADHD, mikilvægi samvinnu, reynslusögur einstaklinga með ADHD, frestunaráráttu, mikilvægi greiningar, akstur og lyfjanotkun svo fátt eitt sé nefnt. Einnig voru samtökin áberandi í sjónvarpi og útvarpi.

ÁLYKTANIR

Stjórn samtakanna sendi frá sér nokkrar ályktanir á árinu.

Janúar: Aðdróttunum um ofgreiningar og ofnotkun lyfja vegna ADHD hafnað

Mars: Eyðum biðlistum og stóraukum úrræði vegna ADHD

Ágúst: Vegið að atvinnuréttindum fólks með ADHD innan lögreglunnar

LANDSBYGGÐIN

Líkt og áður hafa ADHD samtökin unnið að því að efla starfsemi sína á landsbyggðinni. ADHD samtökin eru með útibú á Akureyri „ADHD Norðurland“ þar sem þau veita þjónustu til þeirra sem þar búa og haldnir eru meðal annars reglulegir spjall- og fræðslufundir.

NÝTT ÚTIBÚ SAMTAKANNA – ADHD EYJAR

Á árinu var stofnað nýtt útibú samtakanna í Vestmannaeyjum. Boðið er upp á mánaðarlega spjall- og fræðslufundi.

NORRÆNT SAMSTARF

ADHD samtökin taka þátt í norrænu samstarfi og árið 2019 fóru fulltrúar samtakanna til Noregs. Fundurinn stóð yfir í tvo daga og var mjög árangursríkur. Samnorrænir fundir skipta samtökin gríðarlegu máli en markmið þeirra er að vinna að sameiginlegum verkefnum, stefnumótun í norrænu samstarfi, fræðsluefni og öðru útgefnu efni.

Á haustmánuðum fóru formaður og varaformaður samtakana sem sérstakir heiðursgestir til Færeyja, til að fjalla um ADHD og stöðu þeirra mála á Íslandi, en ADHD samtökin í Færeyjum hafa verið í mikilli uppbyggingu sem samtökin hafa stutt dyggilega.



ADHD EUROPE

Á árinu var ákveðið að ADHD samtökin gerðust aðilar að ADHD Europe, en þar eru saman komin öll helstu hagsmunasamtök fólks með ADHD í Evrópu. Aðildarumsókn samtakanna hefur verið samþykkt.

SAMSTARF OG STARFSHÓPAR

Fulltrúar ADHD samtakanna hafa unnið ötullega með Öryrkjabandalagi Íslands í baráttu fyrir bættum hag einstaklinga með fatlanir og raskanir. Formaður samtakanna situr í stjórn ÖBÍ ásamt því að vera formaður málefnaþóps um málefni barna. Varaformaður samtakanna situr í málefnaþópi um heilbrigðismál. Einnig situr framkvæmdastjóri samtakanna í málefnaþópi um atvinnu- og menntamál.

Samtökin eru aðili að Almannaheillum og situr framkvæmdastjóri samtakanna þar í stjórn.

Sem einn af stofnaðilum Sjónarhóls skipa samtökin fulltrúa í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar og gegnir varaformaður samtakanna nú formennsku í stjórn Sjónarhóls.

Þá hafa samtökin tilnefnt og fengið skipanir í ýmsar nefndir og ráð á vegum hins opinbera. Samtökin hafa með þessu beitt sér fyrir að koma á framfæri málefnum einstaklinga með ADHD bæði innan stjórnsýslunnar sem utan.

HELSTU ÁHERSLUR

Mikil gerjun hefur átt sér stað í málefnum einstaklinga með ADHD og voru samtökin mjög sýnileg á árinu en stór hluti starfsemi samtakanna varðar hagsmunagæslu. Undanfarið ár hafa þau sérstaklega beinst að aðgengi að lyfjum, geðlækna- og sálfræðiþjónustu, mismunun vegna náms á grundvelli ADHD sem og lengd biðlista. Alvarlegur skortur hefur verið á geðlæknaþjónustu undanfarin ár og ekki hillir í neina breytingu í þá átt. Þetta ástand kemur sérstakega illa niður á fullorðnum einstaklingum með ADHD og gerir það að verkum að þeir eiga erfitt með að leita sér greiningar og meðferðar í kjölfarið. Greining og eftirlit geðlæknis er forsenda lyfjameðferðar vegna ADHD. Samtökin hafa um langt skeið vakið athygli á slæmu aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu sérstaklega þegar snýr að hópi fullorðinna og telja mjög mikilvægt að biðlistum verði útrýmt hið snarasta. Bæði er aðgengi að sjálfstætt starfandi geðlæknum afar takmarkað og ADHD teymi Landsspítalans, sem einnig er ætlað að sinna þessum hópi, nær engan veginn að mæta þörfinni. Samkvæmt nýjustu tölum er allt upp undir þriggja ára bið eftir þjónustu ADHD teymis Landsspítalans. Nauðsynlegt er að stórefla þessa þjónustu til að unnt sé að ná að sinna þessum hópi einstaklinga sem oft á tíðum glíma við mikla erfiðleika.

Samtökin hafa ítrekað bent á að aðgengi að sálfræðiþjónustu stendur ekki öllum til boða þar sem sú þjónusta fellur ekki undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands. Sálfræðiþjónustu þarf að veita á sömu forsendum og aðra heilbrigðisþjónustu til að koma í veg fyrir að þeir sem minna hafa á milli handanna þurfi ekki að neita sér um hana. Vitað er að sálfræðiþjónusta getur skipt sköpum og dregið úr þörf fyrir dýrari úrræði. Snemmtæk íhlutun mun stórauka lífsgæði einstaklinga með ADHD og draga verulega úr bæði beinum og óbeinum kostnaði samfélagsins.

Biðlisti eftir greiningu barna á þroska- og hegðunarstöð er allt of langur og hefur meðalbiðtími verið um og yfir 1 ár. Ljóst er að auka þarf fjármagn til stöðvarinnar og gera henni kleift að eyða biðlistum. Um leið þarf að búa svo um hnútanna að nægir fjármunir og mannaflí séu til staðar svo hægt sé að veita þjónustu, þeim sem leita til stöðvarinnar, innan þriggja mánaða eftir að beiðni berst. ADHD samtökin hafa miklar áhyggjur af þessari alvarlegu stöðu sem við blasir því ljóst er að hver mánuður í lífi barns er mikilvægur, ekki síst í lífi barns á viðkvæmu mótunarskeiði. Biðlistum eftir greiningu þarf að eyða án tafar!

Aðgengi einstaklinga á landsbyggðinni að geðheilbrigðisþjónustu er af skornum skammti og brýnt er að einstaklingum sé ekki mismunað eftir búsetu.

Borið hefur á góma að einstaklingum með ADHD sé mismunað þegar kemur að menntunarmöguleikum. ADHD samtökin hafa mótmælt þessu og einsett sér að einstaklingar með ADHD njóti sömu réttinda og aðrir í náms- og starfsvali. Sú barátta er enn í gangi og verður ekki hætt fyrr en árangur næst.

Betri lífsgæði fyrir börn og fullorðna með ADHD mun bæta lífsgæði allra – ekki eingöngu þeirra sem við röskunina glíma heldur einnig fjölskyldna þeirra, nærsamfélagsins og samfélagsins alls. Aðgengileg úrræði til meðhöndlunar ADHD er einhver besta samfélagslega fjárfesting sem heilbrigðis- og menntakerfið geta ráðist í á komandi árum.

STARFSMANNAMÁL

Hrannar B. Arnarsson framkvæmdastjóri var í 100% starfi.

Elín H. Hinriksdóttir formaður var í 100% starfi.

Vinnuframlag stjórnarmanna var umtalsvert, líkt og fyrri ár og er ómetanlegt fyrir samtökin að njóta starfskrafta þeirra í þeim fjölmörgu verkefnum sem fyrir lágu. Linda Hrönn Sigfúsdóttir stóð vaktina hjá ADHD Norðurlandi og Ása Ingibersdóttir og Ásta Björk Guðnadóttir hjá ADHD Vestmannaeyjum og er framlag þeirra mikils virði fyrir samtökin. Öll sú vinna er unnin í sjálfboðavinnu.

STJÓRN SAMTAKANNA

Á aðalfundi 26. mars 2019 var kosið um stöðu formanns, varaformanns, eins meðstjórnanda og eins varamanns og skipast stjórn eins og að neðan greinir.

Stjórn ADHD samtakanna árið 2019 – 2020 var þannig skipuð:

Elín H. Hinriksdóttir, formaður (til 2021)
Vilhjálmur Hjálmarsson, varaformaður (til 2021)
Elín Hrefna Garðarsdóttir, gjaldkeri (til 2020)
Sólveig Ásgrímsdóttir, ritari (til 2020)
Drífa B. Guðmundsdóttir, meðstjórnandi (til 2020)
Jóna Kristín Gunnarsdóttir, meðstjórnandi (til 2020)
Hákon Helgi Leifsson, meðstjórnandi (til 2021)

Varamenn:

Svanhvít Bragadóttir (til 2021)
Sigrún Jónsdóttir (til 2020)

Samþykkt á stjórnarfundum 15. maí 2020.

F.h. stjórnar

Elín H. Hinriksdóttir formaður

ADHD samtökin

**Ársreikningur
2019**

ADHD samtökin
Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík
590588-1059

Óendurskoðaður ársreikningur

Efnisyfirlit

Ársreikningur 2019

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3	Efnahagsreikningur	7
Skýrsla og áritun félagskjörinna skoðunarmanna	4	Sjóðstreymi	9
Áritun endurskoðenda	5	Skýringar	10
Rekstrarreikningur	6		

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur 2019

ADHD samtökin eru félagasamtök. Voru þau stofnuð á árinu 1988. ADHD samtökin eru landssamtök til stuðnings börnum og fullorðnum með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir.

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.

Starfsemi samtakanna var með miklum blóma á árinu og fjölgaði félagsmönnum úr 2.362 í 2.768, eða um 17%. Þátttaka í viðburðum félagsins var vaxandi og þeir sem fylgja samtökunum á Facebook eru nú ríflega 8.500 og fjölgaði um tæp 30% á árinu.

Á árinu var stofnað nýtt útbíbú samtakanna í Vestmannaeyjum og aukinn kraftur settur í starfsemina á Akureyri. Reglulegir spjallfundir eru nú haldnir á Akureyri og í Vestmannaeyjum einu sinni í mánuði, auk spjallfundanna í Reykjavík, sem eru tvisvar í mánuði.

Auk hefðbundinnar starfsemi, sem hámarki náði í vitundarmánuðnum var ný heimasíða tekin í notkun á árinu og þrír nýir fræðslubæklingar gefnir út; Atvinna og ADHD, Börn og ADHD í enskri og pólskri útgáfu.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt lögum um ársreikninga. Við gerð ársreiknings er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Að áliti stjórnar ADHD samtakanna koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31. desember 2019, afkomu árið 2019 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Á árinu störfuðu að meðaltali 2 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur samtals 22,6 millj. kr. Að auki greiddi félagið 600 þús. kr. í bifreiðastyrk og 5,7 millj. kr. í launatengd gjöld. Á árinu greiddu samtökin 1,6 millj. kr. í verktakagreiðslur til stjórnarmanna vegna námskeiða og spjallfunda.

Á árinu 2018 kom í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri samtakanna hafði dregið að sér umtalsverða fjármuni. Framkvæmdastjóra var umsvifalaust vikið frá störfum og er málið til meðferðar hjá til þess bærnum yfirvöldum. Meðal krafna er krafa á fyrrum framkvæmdastjóra sem talin er endurspegla þá fjárhæð sem hann dró að sér.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu 2019 að fjárhæð 11,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 31,1 milljón samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn ADHD samtakanna staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019.

Reykjavík, 4 maí 2020

Stjórn:

Ólafur Stefánsson
Ólafur Stefánsson
Hilmar L. Jónsson
Sigrún Jónsdóttir

Elín H. Hinriksdóttir

Sanna Þóra
Dnja B. Guðmundsdóttir
Dvarhúsið
Jóna Kristín Gunnarsson

Framkvæmdastjóri:

Hannu Þóra Þórunn

Skýrsla og áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Ársreikningur 2019

Við höfum yfirfarið ársreikning ADHD samtakanna fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við höfum látið í ljós á ársreikningnum á grundvelli yfirferðarinnar.

Það er okkar álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakana á árinu 2019 og efnahag þess 31. desember 2019 í samræmi við lög og samþykktir þeirra og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 13 maí 2020

Þryndís Snaðbjörnsdóttir

Áritun endurskoðenda

Ársreikningur 2019

Til stjórnar og félagsmanna ADHD samtakanna.

Inngangur

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings ADHD samtakanna fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Umfang

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun á reikningsskilum. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og framkvæma könnun til að öðlast hæfilega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Könnun takmarkast fyrst og fremst við fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsum liðum reikningsskilanna og veitir þar af leiðandi ekki minni fullvissu en endurskoðun. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum þar af leiðandi ekki í ljós álit um endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ADHD samtakanna á árinu 2019, efnahag þann 31. desember 2019 og yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Við viljum benda á að ekki er fyrirliggjandi hver innheimtanleiki krafna á fyrrum framkvæmdastjóra er. Ef ekki næst að innheimta kröfurnar þá mun eigið fé lækka um samsvarandi fjárhæð. Við höfum ekki kannað árið 2016 og fyrr.

Reykjavík, 4 maí 2020

APaL ehf.

Sigríður Arnarsdóttir

Rekstrarreikningur 2019

Ársreikningur 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Tekjur	2, 10	75.841.485	54.679.306
Afmælisráðstefna og hátíð	11	105.732	3.179.700
Aðrar tekjur	12	545.804	0
		<u>76.493.021</u>	<u>57.859.006</u>
Rekstrargjöld			
Fræðsla, kynningar og fjáröflun	13	24.631.793	15.294.213
Laun og launatengd gjöld	14	29.642.727	21.711.859
Kostnaður vegna afmælisráðstefnu og hátíðar	15	0	9.005.295
Húsnæðiskostnaður	16	1.679.487	1.946.632
Annar rekstrarkostnaður	17	8.012.696	10.682.477
Kostnaður vegna málaferla	18	294.128	1.340.738
		<u>64.260.831</u>	<u>59.981.214</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		<u>12.232.190</u>	<u>(2.122.208)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	19	74.173	226.465
Fjármagnsgjöld	20	(599.421)	(627.679)
		<u>(525.248)</u>	<u>(401.214)</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>11.706.942</u>	<u>(2.523.422)</u>

Skýringar á blaðsíðu 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Efnahagsreikningur

Ársreikningur 2019

		Eignir	
	Skýr.	2019	2018
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteign	21	6.504.733	6.504.733
Veltufjármunir			
Birgðir		2.900.000	2.000.000
Viðskiptakröfur	6	2.608.923	1.954.490
Kröfur á fyrrum framkvæmdastjóra	7	12.786.413	12.786.413
Handbært fé	8	19.534.277	8.077.598
		<u>37.829.613</u>	<u>24.818.501</u>
	Eignir samtals	<u>44.334.346</u>	<u>31.323.234</u>

Skýringar á blaðsíðu 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

31. desember 2019

Ársreikningur 2019

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2019	2018
Eigið fé			
Stofnfé		4.621.194	4.621.194
Óráðstafað eigið fé		26.448.617	14.741.675
	22	<u>31.069.811</u>	<u>19.362.869</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	23	<u>6.712.690</u>	<u>6.953.598</u>
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborganir langtímalána	24	243.022	226.632
Fyrirframinnheimtar tekjur		0	500.000
Aðrar skammtímaskuldir		6.308.823	4.280.135
		<u>6.551.845</u>	<u>5.006.767</u>
	Skuldir samtals	<u>13.264.535</u>	<u>11.960.365</u>
	Skuldir og eigið fé samtals	<u><u>44.334.346</u></u>	<u><u>31.323.234</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Yfirlit um sjóðstreymi 2019

Ársreikningur 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma		11.706.942	(2.523.422)
Veltufé frá (til) rekstri		11.706.942	(2.523.422)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun)	(900.000)	(2.000.000)
Skammtímakröfur, (hækkun)	(654.433)	(779.640)
Skammtímaskuldir, hækkun		1.528.688	1.868.834
Handbært fé frá (til) rekstri		11.681.197	(3.434.228)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána	(224.518)	(211.214)
Kröfur á fyrrum framkvæmdastjóra, breyting		0	(2.645.750)
	(224.518)	(2.856.964)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		11.456.679	(6.291.192)
Handbært fé í upphafi ársins		8.077.598	14.368.790
Handbært fé í lok ársins		19.534.277	8.077.598

Skýringar á blaðsíðu 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Skýringar

Ársreikningur 2019

Almennar upplýsingar

ADHD samtökin eru skráð á Íslandi. Samtökin eru með höfuðstöðvar í Háleitisbraut 13, 108 Reykjavík. Ársreikningur félagsins er fyrrið árið 1. janúar til og með 31. desember 2019.

Félagið var stofnsett á árinu 1988. Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Innlausn tekna

2. Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af styrkjum og framlögum, félagsgjöldum, seldum námskeiðum, bókum og vörum. Tekjur og vaxtatekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

Erlendir gjaldmiðlar

3. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok reikningsskilatímabils. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

4. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand. Eignin er ekki afskrifuð á líftíma hennar.

Viðskiptakröfur

6. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði. Félagsgjöld sem innheimtast í upphafi næsta árs eru færð meðal krafna. Einnig er meðal krafna styrktarloforð sem ógreidd eru um áramót.

Kröfur á fyrrum framkvæmdastjóra

7. Á árinu 2018 kom í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri samtakanna hafði dregið að sér umtalsverða fjármuni. Framkvæmdastjóra var umsvifalaust vikið frá störfum og er málið til meðferðar hjá til þess bærnum yfirvöldum. Krafan er talin endurspegla þá fjárhæð sem hann dró að sér.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2019

Handbært fé

8. Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum og skammtímaverðbréfum til skemri tíma en þriggja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skuldbindingar

9. Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Rekstrarreikningur

Tekjur

	2019	2018
10. Tekjur samtakanna skiptast með eftirfarandi hætti:		
Styrkir	39.472.929	31.714.293
Framlög frá Ríkissjóði	13.637.500	10.000.000
Félagsgjöld	5.438.350	3.926.800
Framlög frá Öryrkjabandalagi Íslands	5.725.406	5.100.000
Styrkur vegna kvikmyndaverkefnis	0	300.000
Styrkur vegna útgáfu	1.365.000	0
Vörusala og seldar bækur	1.963.059	1.546.771
Jólaort og minningarkort	55.700	0
Endurskinsmerki	2.282.232	1.699.791
Framlög vegna Reykjavíkumaraþons	860.416	183.651
Námskeið	5.020.293	187.400
Aðrar tekjur	20.600	20.600
	<u>75.841.485</u>	<u>54.679.306</u>
11. Tekjur vegna afmælishátíðar		
Þáttökugjöld afmælisráðstefnu	0	1.217.700
Styrkur vegna afmælisráðstefnu	105.732	1.792.000
Styrkur vegna afmælisfréttabréfs	0	170.000
	<u>105.732</u>	<u>3.179.700</u>
12. Aðrar tekjur		
Styrkur vegna starfsþjálfunar	545.804	0

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2019

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

	2019	2018
13. Fræðsla, kynningar og fjáröflun:		
Kostnaður við námskeið	3.936.302	732.248
Fræðslu- og útbreiðsluverkefni	238.900	218.120
Málþing	214.711	205.500
Spjallfundir	344.835	101.019
Ráðstefnur	932.133	0
Markaðs- og fræðslukostnaður	668.765	219.572
	<u>6.335.646</u>	<u>1.476.459</u>
Kostnaður við fjáröflun, vörusölu og sölu bóka skiptist með eftirfarandi hætti:		
Aðkeypt þjónusta við fjáröflun	13.184.332	11.022.918
Kostnaðarverð seldra vara	2.752.064	1.331.337
Bókaútgáfa	890.011	535.310
Eignfærðar birgðir	(900.000)	(2.000.000)
Útgáfa bæklinga	947.288	1.050.900
Burðargjöld	1.422.452	1.877.289
	<u>18.296.147</u>	<u>13.817.754</u>
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	<u>24.631.793</u>	<u>15.294.213</u>

Laun og launatengd gjöld

14. Laun og launatengd gjöld skiptast með eftirfarandi hætti:		
Laun	22.642.375	16.328.507
Áunnið orlof	674.090	295.000
Ökutækjastyrkur	600.000	577.576
Lífeyrissjóður	3.597.613	2.798.509
Tryggingagjald	1.771.439	1.326.690
Önnur launatengd gjöld	357.210	385.577
	<u>29.642.727</u>	<u>21.711.859</u>
Meðalfjöldi starfsmanna	2	2
Laun framkvæmdastjóra	10.585.120	9.704.507
Ökutækjastyrkur framkvæmdastjóra	300.000	277.576
Laun starfandi formanns stjórnar	9.895.064	6.624.000
Ökutækjastyrkur formanns	300.000	300.000
Laun starfsmanns í starfsþjálfun	2.162.191	0
Laun og ökutækjastyrkur starfsmanna	<u>23.242.375</u>	<u>16.906.083</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2019

Rekstrarkostnaður

	2019	2018
15. Kostnaður vegna afmælisráðstefnu og hátíðar		
Afmælisráðstefna	0	7.090.695
Afmælishátíð	0	297.400
Afmælisfréttabréf	0	1.617.200
	0	9.005.295
16. Húsnæðiskostnaður		
Rekstur sameignar	893.724	908.176
Fasteignagjöld	217.039	181.050
Viðhald húsnæðis	139.750	355.565
Salarleiga	322.500	147.150
Annar rekstrarkostnaður fasteignar	106.474	354.691
	1.679.487	1.946.632
17. Annar rekstrarkostnaður		
Ráðstefnugjöld	0	15.000
Norrænn fundur	0	805.857
Þroskahjálp hlutdeild í launum	195.617	353.884
Árgjöld	26.000	26.000
Styrkur, kvikmyndaverkefni	0	999.281
Fundakostnaður	369.426	223.280
Samskiptakostnaður	358.207	436.339
Skrifstofuvörur	514.427	362.606
Áhöld og tæki	574.386	399.873
Rekstur tölvukerfis	163.224	402.844
Rekstur heimasíðu	1.357.212	73.122
Bókhald Arnarsetur ársins 2017	0	766.320
Gerð ársreiknings og yfirferð bókhalds ársins 2017	0	992.000
Bókhaldsþjónusta og gerð ársreiknings	1.746.100	1.265.000
Aðkeypt þjónusta	0	665.696
Lögfræðikostnaður	299.956	0
Ráðning framkvæmdastjóra	0	605.157
Dagpeningar	335.169	82.344
Ferðakostnaður	685.684	380.010
Annar starfsmannatengdur kostnaður	212.888	611.132
Banka- og þjónustugjöld	1.104.950	1.206.204
Gjafir og styrkir	5.200	9.028
Annar kostnaður	64.250	1.500
	8.012.696	10.682.477

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2019

Rekstrarkostnaður, framhald

18. Kostnaður vegna málaferla	2019	2018
Lögfræðipjónusta	294.128	813.738
Ráðgjöf og almannatengsl	0	527.000
	<u>294.128</u>	<u>1.340.738</u>

Fjármunatekjur

19. Fjármunatekjur skiptast með eftirfarandi hætti:		
Vaxtatekjur	74.173	226.465

Fjármagnsgjöld

20. Fjármagnsgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:		
Vaxtagjöld langtímalána	528.859	529.830
Önnur vaxtagjöld	54.521	48.260
Fjármagnstekjuskattur	16.041	49.589
	<u>599.421</u>	<u>627.679</u>

Varanlegir rekstarfjármunir

21. Varanlegir rekstarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign
2018	
Heildarverð 01.01.	6.504.733
Bókfært verð 31.12.	<u>6.504.733</u>
2019	
Heildarverð 01.01.	6.504.733
Bókfært verð 31.12.	<u>6.504.733</u>

Eignarhluti í fasteigninni Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, fastanúmer F2500026 og F2246700 nemur 6% á hvoru fastanúmeri. Fasteignamat eignarinnar nemur 11,2 millj. kr. og brunabótamat 16,6 millj. kr.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2019

Eigið fé

22. Yfirlit um eigið fé:

2018	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01.	4.621.194	17.265.097	21.886.291
Tap ársins		(2.523.422)	(2.523.422)
Eigið fé 31.12.	4.621.194	14.741.675	19.362.869

2019

Eigið fé 01.01.	4.621.194	14.741.675	19.362.869
Hagnaður ársins		11.706.942	11.706.942
Eigið fé 31.12.	4.621.194	26.448.617	31.069.811

Langtímaskuldir

	2019	2018
23. Langtímaskuldir félagsins greinast þannig í árslok:		
Skuldabréfalán, óverðtryggt 7,4% vextir	6.955.712	7.180.230
Næsta árs afborgun	(243.022)	(226.632)
Langtímaskuldir samtals	6.712.690	6.953.598

24. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019		226.632
Árið 2020	243.022	243.176
Árið 2021	260.763	260.928
Árið 2022	279.798	279.976
Árið 2023	300.224	300.414
Árið 2024	322.140	322.344
Árið 2025	345.656	345.876
Síðar	5.204.110	5.200.883
	6.955.712	7.180.230